


Fréttabréf Garðasæls

Maí 2022



Umferðardagar

Dagana 3. – 6. maí eru umferðardagar í Garðaseli en þá verður lögð áhersla á að ræða við börnin um hjól og hjálmanotkun ásamt því hvernig við notum gangbrautirnar og gangbrautarljósin. Allt eru þetta atriði sem skipta miklu máli í öryggi barnanna í umhverfinu og því hvetjum við foreldra til að taka þátt í þessari fræðslu með börnum sínum og vera góðar

fyrirmyndir.

Hjóladagar verða árgangaskiptir í maí. Þá rýmum við bílastæðið og börnin mega koma með hjólin sín og **hjálm**a (mikilvægt að muna eftir þeim ☺). **Dagsetningar hjóladaga verða auglýstir síðar.**

Á hjóli í skólann

Nú fer sumarið og góða veðrið að koma og þá notum við hjólin okkar meira. Ef börn koma á hjólum í leikskólann eru foreldrar beðnir að geyma þau fyrir framan leikskólann en ekki inni á leikskólalóðinni. Hjól, sem eru geymd fyrir framan leikskólann, eru á ábyrgð foreldra, en fylgst er með þeim eins og kostur er.



Heilsuskokkið

Miðvikudaginn 13. maí kl: 9.30 verður síðara heilsuskokk skólaársins en það höfum við tengt Alþjóðadegi hreyfingar. Allir þátttakendur fá viðurkenningu í lokin og ávaxtabita til að endurnýja orkuna. Þennan dag væri gott að börnin kæmu í eða hefðu með sér **íþróttaskó** sem gott er að hlaupa í.



Útskriftarferð elstu barna

Farið verður í vikunni **31. maí – 3. júní** og valinn einhver góðviðrisdagur. Anna og Sóley eru á fullu að skipuleggja skemmtilega dagsferð og verða í sambandi við foreldra.



Útskrift elstu barna

Útskrift elstu barnanna verður **miðvikudaginn 8. júní** í Garðaseli og vonandi verður hægt að hafa hátíð með foreldrum og börnum og fagna þessum tímamótum. Nánari upplýsingar koma síðar frá Víkinni ☺



Listsýning Garðaselsbarna í Bókasafninu

Sett hefur verið upp listsýning Garðaselsbarnanna í Bókasafninu og eru þar fjölbreytt

verk sem unnin hafa verið í vetur- tröllapema á Holti, ævintýrið um Benedikt búalf á Víkinni og fallegar myndir frá Lóninu.

Foreldrar og fjölskyldur barnanna eru hvattar til að skoða sýninguna og njóta verka barnanna.



Lambaferð að Bjarneyjarsandi

verður **þriðjudaginn 17. maí** en þá förum við í heimsókn til ábúenda að Bjarneyjarsandi, skoðum nýfædd lömb og njótum sveitasælu. Við eigum heimsókn frá kl: 9.30 -12.00 og frekara skipulag verður ákveðið þegar nær dregur.

Breytingar í starfsmannahaldi

Guðbjörg Gísladóttir hefur látið af störfum og á Holti er **Kristín**

Releena er komin í 100 % starf og **Ingunn Helga** í 100 % til að dekkja Guggu.

Sólveig Rún Jónasdóttir lætur af störfum að eigin ósk 13. maí.

Guggu og Sólveigu færum við okkar bestu þakkir fyrir þeirra störf í Garðaseli 😊

Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, leikskólakennari, kemur til starfa að nýju nú í maí.

Sigríður Ylfa Arnardóttir kemur í hlutastarf og leysir af undirbúningstíma á deildum.



Afleysingar

Í sumar verða **Brynhildur Víktorsdóttir** og **Dagný Halldórsdóttir** í sumarafleysingum í Garðaseli.

Garðasel lokar vegna
sumarleyfa
föstudaginn 8. júlí kl: 14.00.
Opnum aftur þriðjudaginn .
9. ágúst kl: 10.00

